

Mál nr. 16/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 30. október var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 16/2011

X
gegn
Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmæðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 9. maí 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn og tíkin hefðu gild augnvottorð. Kæran var send kæru til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefin andmælafrestur til 1. nóvember. Kærða svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni gefinn viðbótarfrestur til 17. nóvember. Hinn 6. desember móttók siðanefnd svarbréf kærðu og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 8. maí 2012 þar sem málsaðilum gæfist kostur á að reifa sín sjónarmið. Var kærðu jafnframt boðið að haldinn yrði símafundur um málið. Kærða sinnti ekki boðuninni á sáttafund og ekki heldur símtölum né tölvupóstum siðanefndar og taldi siðanefnd því fullreynt að ná sáttum og vísaði málinu til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var rakkinn XX paraður við tíkina YY hinn 8. september 2009. Hundarnir eru af kyninu Puli og eru báðir í eigu kærðu. Við pörunina voru hvorki rakkinn né tíkin i með gild augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða svaraði því til að pörunin hafi ekki verið skipulögð heldur hafi hún verið „slys“. Farið var með hundana í augnskoðun ári eftir umrædda pörun og stóðust þeir skoðun.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Puli:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009)“.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 8. september 2009 voru rakkinn og tíkin ekki með gild augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Pulli skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða

hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur gefið þá skýringu að pörunin hafi ekki verið ásetningur. Siðanefnd telur það ekki breyta brotinu að pörunin hafi ekki verið ásetningur, það er alfarið á ábyrgð ræktanda að hundar parist ekki fyrir slysi. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

IV Niðurstaða

Kærða Z telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Sign: Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir